

*Alþingi
Erindi nr. P 130/2591
komudagur 23.06.2004*

Reykjavík, 15. júní 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Meðfylgjandi eru athugasemdir Rauða kross Íslands vegna frumvarps til laga um bann við umskurði kvenna.

Virðingarfyllt,



Helga G. Halldórsdóttir
Sviðsstjóri innanlandssviðs Rauða kross Íslands

**Frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna
(130. löggjafarþing 2003-2004. Þskj. 201-198.mál)**

Athugasemdir Rauða kross Íslands

Rauði kross Íslands fagnar megininntaki frumvarpsins sem lýtur að því að gera umskurð á kynfærum stúlku eða konu að refsiverðu athæfi.

Félagið vill benda á að réttara væri að nota hugtakið „limlesting á kynfærum kvenna“ sem er í samræmi við hugtakanotkun Sameinuðu þjóðanna „female genital mutilation“ þar sem brotið er mun alvarlegra en orðið „umskurður“ gefur til kynna.

Í 1. gr. kemur fram að brotamaður skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Skoða þarf hvort þessi tími, 6 ár, sé sambærilegur refsitími og fyrir álíka alvarlegar líkamsmeiðingar eða fyrir brot á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.

Í 3. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um fyrningarfrest telur Rauði kross Íslands að brot sem þessi ættu aldrei að fyrnast. Limlestingin og afleiðingar hennar fyrnast aldrei og fylgja því þolanda ævilangt.

Í 4 gr. frumvarpsins vekur Rauði kross Íslands athygli á því að einungis er gert ráð fyrir að gera barnaverndarnefnd viðvart. En það á tæplega við þegar um fullorðnar konur er að ræða, sbr. greinargerðin.

Rauði kross Íslands leggur áherslu á að samhliða því að limlesting á kynfærum kvenna verði gerð refsiverð hér á landi er mikilvægt að breyta lögum um útlendinga þar sem kveðið er á um vernd gegn ofsóknum af þessu tagi. Mikilvægt er að í lögunum komi fram að limlestingar á kynfærum kvenna verði skilgreindar sem kynbundnar ofsóknir og að konur eða stúlkur sem flýja heimaland sitt vegna hættu á þessum eða öðrum kynbundnum ofsóknum fái vernd hér á landi.